

Skýrsla stjórnar á aðalfundi, 14. maí 2004

Hörður Sigurgestsson

Mig langar til í upphafi þessarar skýrslu að rifja upp í örstuttu máli tilurð og hlutverk Landskerfis bókasafna.

Á árunum 2000 til 2001 þótti brýna nauðsyn bera til með hliðsjón af möguleikum og þróun öflugra samskiptakerfa, að koma á nýju upplýsingaumhverfi fyrir bókasöfnin í landinu. Var sérstaklega stefnt að því að leysa af hólmi með nýju kerfi gamla Gegniskerfið, sem hafði þjónað Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni og sérfræðisöfnum, og Feng, sem var kerfi almenningsbókasafnanna. Fleiri eldri kerfi koma hér einnig við sögu. Hafði menntamálaráðuneytið frumkvæði að því, að fengið yrði öflugt og viðurkennt alþjóðlegt kerfi í þessu skyni, og eftir verulega leit var ákveðið að semja við fyrirtækið Ex Libris, sem hefur höfuðstöðvar í Ísrael en útibú víðar um lönd. Kerfið ber heitið Aleph 500. Samningur um kaup á þessu kerfi var gerður í maí 2001.

Þetta hlutafélag, Landskerfi bókasafna, var síðan stofnað til að halda utan um rekstur þessa kerfis. Stofnendur voru annars vegar menntamálaráðuneytið og hins vegar sveitarfélögin í landinu og átti hlutur hvors um sig að vera 50%. Stofnfundur hlutafélagsins var haldinn 14. nóvember 2001.

Til upprifjunar er einnig að tilgangur félagsins er að reka sameiginlegt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn á Íslandi og veita bókasöfnum landsins sérfræðiþjónustu í bókasafnsfræðum.

Þetta er þriðji aðalfundur félagsins, en hinn síðasti var haldinn 20. júní, 2003.

Viðfangsefni starfseminnar hefur verið að koma Aleph 500 í notkun. Undanfarin tvö misseri hafa verið viðburðarík í því sambandi. Þann 19. maí 2003 var Nýi-Gegnir opnaður almenningi á veraldarvefnum og tekinn í notkun á um 10 söfnum, sumum stórum. Næsta megin skrefið var stigið þegar söfn þau er notuðu

Feng, tóku kerfið í notkun 5. apríl 2004. Þar með höfðu um eitt hundrað söfn á landinu tekið þetta miðlæga bókasafnskerfi í notkun. Fer nú fyrir alvöru að reyna á alla þætti þessarar framkvæmdar, en þar koma við sögu atriði á borð við vélbúnað og hugbúnað kerfisins, þjónustu og færni starfsmanna, samstarf aðildarsafna og fjárhagslegan rekstrargrundvöll.

Upphaflega var gert ráð yfir að öll sveitarfélög landsins tækju þátt í verkefninu, en ekki hefur það gengið eftir með hin smæstu. Hins vegar er það svo, að eftir að Kópavogsbær gerðist hluthafi í ársbyrjun 2004, er svo komið að nær 95% íbúa landsins eru orðnir aðilar að félaginu í gegnum sveitarfélög sín. Stefnir því allt í það, að kerfið geti staðið undir nafni sem landskerfi íslenskra bókasafna.

Þótt menn hafi gert ráð fyrir, að ríkið og sveitarfélögin hefðu helmingafélag um rekstur Landskerfis bókasafna hf., er það enn svo, að ríkið á um 55% hlutfjár, en sveitarfélögin 45%. Sveitarfélögin greiða þjónustugjald hvert um sig í einu lagi, en ríkið ætlar þeim stofnunum sínum, sem eiga bókasöfn að gera þjónustusamning beint við fyrirtækið, án þess þó að þvinga þau til þess. Niðurstaðan hefur orðið sú, að sveitarfélögin greiða meiri þjónustugjöld en ríkisfyrirtækin og þurfti ríkið því að rétta sinn hlut með sérstöku rekstrarframlagi í desember síðastliðnum. Við gerum ráð fyrir að samskonar framlag komi frá ríkinu í lok þessa árs, þó ekki sé nú vitað um fjárhæð þess.

Við hljótum að fagna því, hve dyggilega sveitarfélögin hafa stutt við þetta merka verkefni og vona, að fleiri ríkisstofnanir eigi eftir að taka kerfið í sína þjónustu, þannig að tekjur fyrirtækisins af þjónustusamningum við þessa tvenns konar aðila verði á endanum í jafnvægi.

Allt kaupverð Aleph-kerfisins hefur nú verið greitt að fullu. Voru síðustu 20% greidd á síðastliðnu ári.

Stofnkostnaður samanstendur af Aleph bókasafnskerfinu sjálfu og ýmsum kostnaði sem hlotist hefur af uppsetningu kerfisins. Er hann samtals, áður en byrjað er að afskrifa, um 106 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að hann sé afskrifaður á átta árum og það fé, sem þannig myndast í reikningum félagsins, sé varið til endurnýjunar og endurbóta á kerfum félagsins. Eigið fé félagsins 31. desember síðastliðinn var 81,1 milljón króna.

Rekstrarafkoma ársins 2003 varð tap að upphæð 0,6 milljónir króna. Ársreikningurinn, endurskoðaður af Ríkisendurskoðun, liggur fyrir á fundinum og

hefur stjórnin samþykkt hann. Framkvæmdastjóri mun hér á eftir gera grein fyrir honum.

Það er flókið að skapa nýjan heim á tölvuöld. Þótt viðfangsefnið sé ekki annað en að innleiða nýtt og heildstætt bókasafnskerfi, er þar að vissu leyti verið að skapa nýjan heim.

Það er ekki undan því að víkjast, að þróun og uppsetning bókasafnskerfisins hefur kostað meiri svita og tár en gert var ráð fyrir í upphafi. Uppsetningin hefur tekið lengri tíma en áætlað var og kostað meira en áætlað var. Er þá ekki reiknað sérstaklega mjög þýðingarmikið framlag starfsfólks Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns, Borgarbókasafns og Bókasafns Garðabæjar.

Þessar vikurnar erum við að fást við snúin vandamál sem tengjast samruna gagna úr kerfi Fengssafna og þeim gögnum sem fyrir voru í kerfinu, og ekki eru heldur allar þrautir leystar sem tengjast gömlu Gegnissöfnunum. Ferli af þessu tagi, þar sem seinkanir verða, eru ekki nýmæli á upplýsingaöld, en við höfum ekki aðrar leiðir en að beita þekkingu okkar og hyggindum við að leysa þessar þrautir, auk þess sem við treystum á þá þjónustu sem við eigum kröfu á og fáum frá hendi Ex Libris.

Ég sé fram á að við þurfum enn um sinn að sýna þolinmæði við þetta verkefni en mun að öðru leyti ekki orðlengja um hvar við erum nákvæmlega stödd í því, enda má ræða það frekar undir liðnum Önnur mál.

Á síðastliðnu starfsári hélt stjórnin samtals 11 stjórnarfundir. Ég vil þakka samstjórnarmönnum mínum fyrir samstarfið sem gekk vel. Ég þakka sömuleiðis ánægjulegt samstarf við framkvæmdastjóra félagsins, Árna Sigurjónsson. Ég þakka ennfremur starfsfólki fyrirtækisins mjög þýðingarmikið framlag þeirra. Loks vil ég þakka hluthöfum og söfnunum fyrir samstarfið, og vona að þeim sýnist að til nokkurs hafi verið unnið.

Takk fyrir.